


LJÓSMYNDAVEVERKEFNI
Á ÞREMUR SKJALASÖFNUM
ÁFANGASKÝRSLA
SEPTEMBER 2012



Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Héraðsskjalasafn Árnesinga
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Ritstjórn: Hrafnkell Lárusson, Unnar Ingvarsson
og Þorsteinn Tryggvi Másson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum
héraðsskjalasafnanna nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd er af Mjólkurbúi Flóamanna,
tekin 9. október 1955. Ljósmyndari Jóhann Þór
Sigurbergsson 2011/39_JPS_00163.

Inngangur

Á haustmánuðum 2010 sóttu Héraðsskjalasafn Austfirðinga á Egilsstöðum, Héraðsskjalasafn Árnesinga á Selfossi og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga á Sauðárkróki sameiginlega um styrk frá Alþingi til að vinna að skráningu ljósmynda í skjalasöfnunum og gera þær aðgengilegar fyrir landsmenn. Í söfnunum er varðveitt gríðarlegt magn ljósmynda, jafnt af einstaklingum sem atburðum. Styrkurinn sem sótt var um, og fékkst frá Alþingi, var sem svaraði til upphæð fullra atvinnuleysisbóta auk launatengdra gjalda fyrir sex stöðugildi, tvö á hverju safni í eitt ár. Þá nutu söfnin fjárstyrks frá sveitarfélögum sem að söfnunum standa þannig að greitt var fyrir vinnuáðstöðu, hugbúnaðarkaup, viðbót við launakostnað og annan kostnað sem af verkefninu hlaut.

Á árunum 2008 til 2010 var unnið að skráningu manntala í Héraðsskjalasafni Austfirðinga og Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Á sama tíma vann skjalavörður í Héraðsskjalasafni Árnesinga við skráningu dómabóka fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. Haustið 2010 var ljóst að ekki yrði framhald á þessum verkefnum. Til að nýta þann mannaúð sem var til staðar á skjalasöfnunum var ákveðið að hefja samstarf um skönnun og skráningu á ljósmyndum á starfssvæðum safnanna.

Vinna hófst þegar í byrjun árs 2011 með ráðningu starfsfólks og skipulagningu verkefnisins. Söfnin gerðu með sér samstarfssamning í janúar 2011. Skjalasöfnin festu öll kaup á FotoStation hugbúnaði til að skrá ljósmyndasöfnin. Við val á hugbúnaði var leitað í smiðju Þjóðminjasafns Íslands, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Akraness og Ljósmyndasafns Ísafjarðar og líka út fyrir landsteinana. FotoStation tryg-



Mynd úr safni Daniels Ágústínussonar sem Erlendur Daniélsson afhenti. Myndin er tekin á Landsmóti UMFI í Hveragerði 1949 af fimleikaflokki Hugins frá Seyðisfirði.

gir utanumhald og leitarbærni í ljósmyndasöfnunum, er einfalt og skilvirkt og þá er til vefviðmót svo hægt sé að birta ljósmyndirnar á vefnum. Jafnframt var aflað upplýsinga um viðurkennda staðla sem notaðir eru við skráningu ljósmyndasafna, gæði skönnunar og varðveislu myndanna til framtíðar.

Undir lok árs 2011 var sótt um framhaldsstyrk til Mennta- og menningar- málaráðuneytis. Varð niðurstaðan sú að verkefnið fékk kr. 15.000.000,- á fjárlögum ársins 2012. Nokkur dráttur varð á að söfnin fengju greitt ríkisframlagið fyrir yfirstandandi ár og hófst starfið á tveimur safnanna, þ.e. á Sauðárkróki og Selfossi ekki af fullum krafti fyrr en í aprílmánuði 2012. Á Egilsstöðum var hins vegar hafist handa strax eftir áramótin 2011-2012. Var það gert vegna yfirvofandi hættu á að missa reynt starfsfólk ef drægist að verkefnið hæfist á ný.



Preyttir gestir eftir
Atlavíkurhátíð um
verslunarmanna-
helgina 1986.
Fréttamynd úr
Austra.

Verkáætlun 2012 – markmið

Í samræmi við reglur Menntamálaráðuneytis gerðu söfnin með sér samstarfssamning í upphafi árs 2012 og settu sér markmið um skönnun og skráningu mynda. Meðal þeirra markmiða voru:

1. 60.000 myndir skannaðar. Við árslok 2012 ætti heildarfjöldi skannaðra mynda því að verða um 140.000 en 82.570 myndir voru skannaðar árið 2011 – 22.570 umfram áætlun. Ástand filma og pappírskópía ræður miklu um fjölda skannaðra mynda.

2. 40.000 myndir skráðar. Við árslok 2012 ætti heildarfjöldi skráðra mynda að vera um 80.000 en 41.056 myndir voru skráðar árið 2011 – 1.056 umfram áætlun. Ástand mynda, aldur og heimildavinna hverskonar ræður mestu um gæði skráningar.

Samkvæmt upplýsingum frá Ingu Láru Baldvinsdóttur forstöðumanni Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafninu, og viðmiðunartölum þar og í erlendri úttekt, er áætlað að starfsmaður í 100% starfi skanni og skrái 3.960,- ljósmyndir á ársgrundvelli. Mismun á viðmiðunartölum Þjóðminjasafns Íslands og okkar má skýra með tvennum hætti. Í fyrsta lagi má nefna staðþekkingu þeirra sem vinna að skráningu á skjalasöfnunum, greiðu aðgengi að ljósmyndurum, ættingjum þeirra og íbúum á hverjum stað. Þeir einstaklingar sem koma að skráningu myndanna eru um leið traustir heimildamenn. Þá er öll myndvinnsla, s.s. viðgerð á myndum o.s.frv. takmörkuð eins og kostur er. Afköst og gæði á þeirri vinnu sem unnin hefur verið á héraðsskjalasöfnunum í þessu verkefni verður því að teljast til fyrirmyndar. Ljóst er að skjalasöfnin hafa náð markmiðum sínum þegar horft er til fjölda skannaðra og skráðra ljósmynda.

Tvö safnanna, Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga, settu sér þau markmið að opnaðir yrðu ljósmyndavefir á árinu, en Héraðsskjalasafn



Gestir á opnun ljósmyndasýningarinnar *Úr kóssum og koffortum* á Listasafni Árnesinga. Í forgrunni eru kassar, koffort, áldósir o.fl. sem ljósmyndirnar voru í þegar þær voru afhentar á skjalasafnið.

Austfirðinga ákvað að biðja með þá framkvæmd en láta duga að sinni að halda reglulegar ljósmyndasýningar á vefsíðu safnsins, auk heimsókna á ýmsa þéttbýlisstaði í fjórðungnum til að sýna ljósmyndir og fá aðstoð við að þekkja þær.

Héraðsskjalasöfnin settu sér einnig það markmið að auka samstarf sín á milli, m.a. með því að auka þekkingu á ljósmyndagrunnum, leitarbærni þeirra og öryggi. Jafnframt settu söfnin sér það markmið að miðla þekkingu sinni til annara safna og aðila sem stunda ljósmyndasöfnun. Þessu hefur verið fylgt eftir með erindum á fundum Félags héraðsskjalavarða og markvissri upplýsingagjöf til annarra héraðsskjalasafna auk þess sem samvinna milli safnanna og nokkurra sveitarfélaga sem að þeim standa hefur aukið þekkingu og skilning sveitarfélaganna á virkni ljósmyndagrunnanna, leit í grunnunum o.fl.

Starfsmenn, starfshlutfall og kostnaður

Eins og áður sagði hófst starfsemi við verkefnið á þessu ári ekki af fullum krafti fyrr en á vordögum hjá Héraðsskjalasafni Árnesinga og Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, en í ársbyrjun hjá Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Hins vegar ber að geta þess að á öllum söfnunum var unnið að undirbúningi verkefnisins allt árið, t.d. unnu starfsmenn á Sauðárkróki og Selfossi í hálfu starfi, eingöngu við að undirbúa ljósmyndasöfn til skönnunar og leggja grunn að skráningu þeirra frá upphafi ársins. Jafnframt lögðu fastir starfsmenn safnanna mikla vinnu í slíkan undirbúning og má segja að vegna áherslu á verkefnið, hafi starf forstöðumanna að talsverðu leyti snúist um þetta verkefni með einum eða öðrum hætti.

Allir starfsmenn verkefnisins hafa skriflega ráðningarsamninga. Verkefni starfsmanna eru í meginatriðum tvíþætt:

1. Skönnun, litgreining og frágangur á filmum og pappírskópíum, en þá er gengið frá filmum og pappírmyndum í sérstakar umbúðir m.t.t. langtímavarðveislu.

2. Skráning, öflun upplýsinga og heimildavinna vegna skráningar á ljósmyndum.

Umsjón og skipulagning er í höndum fastráðinna starfsmanna skjalasafnanna og forstöðumanna þeirra en á Egilsstöðum er starfsmaður í 30% starfshlutfalli sem hefur umsjón með verkefninu, sinnir skipulagningu þess í samráði við forstöðumann auk þess að vinna tilfallandi störf sem tengjast verkefninu.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Þrír starfsmenn hafa starfað við verkefnið á þessu ári. Verkefnið hófst í janúar og gert er ráð fyrir verklokum í lok nóvember.

Starfsmaður 1 í 75% starfi frá 1.1.2012.

Starfsmaður 2 í 75% starfi frá 1.1.2012.

Starfsmaður 3 í 30% starfi frá 1.1.2012.

Heildarkostnaður á árinu 2012 er áætlaður kr. 6.400.000,-. Stærstur hluti þess er launakostnaður.

Gert er ráð fyrir að verkefnið standi undir sér en tekjur þess eru einnig kr. 6.400.000,-. Af þeim koma kr. 5.000.000,- sem framlag frá ríkinu en 1.400.000,- sem framlag frá sveitarfélaginu Fljótssdalshéraði.

Konur við fiskvinnslu á Sauðárkróki á 4. áratug 20. aldar. Ljósmyndari Kristján C. Magnússon Sauðárkróki: KCM 357.



Héraðsskjalasafn Árnesinga

Fjórir starfsmenn hafa verið ráðnir sérstaklega vegna verkefnisins á þessu ári.

Starfsmaður 1 í 50% starfi frá 1.1.2012 – er fastráðinn starfsmaður skjalasafnsins.

Starfsmaður 2 í 100% starfi frá 1.4.2012 – 30.8.2012.

Starfsmaður 3 í 100% starfi frá 1.4.2012 – 21.5.2012.

Starfsmaður 4 í 100% starfi frá 21.5.2012.

Starfsmaður 5 í 100% starfi frá 1.9.2012.

Áætlaður heildarkostnaður vegna verkefnisins á árinu 2012 er kr. 9.200.000,-. Stærstur hluti þess er launakostnaður. Kaup á stofnbúnaði vegna vefsíðu, skráningar, ljósleiðaratengingar o.fl. eru áætluð kr. 2.200.000,-. Þó má ætla að kostnaður vegna verkefnisins sé hærri þegar horft er til launakostnaðar fastráðinna starfsmanna, húsnæðis o.s.frv. Gert er ráð fyrir því að verkefnið standi undir sér, en auk 5.000.000,- króna framlags ríkisins leggur Sveitarfélagið Árborg til kr. 2.600.000,- Menningarráð Suðurlands kr. 1.000.000,- og Héraðsskjalasafn Árnesinga/Minningarsjóður Helga Ívarssonar kr. 500.000,-.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur á árinu 2012 ráðið fimm starfsmenn vegna verkefnisins.

Starfsmaður 1 í 50% starfi frá 1.1.2012.

Starfsmaður 2 í 60% starfi frá 10.4.2012 – 30.9.2012.

Starfsmaður 3 í 80% starfi frá 10.4.2012.

Starfsmaður 4 í 50% starfi frá 1.8.2012.

Starfsmaður 5 í 70% starfi frá 10.4.2012.

Með samstarfi við Vinnumálastofnun og Virk starfsendurþjálfun tókst að fjölga starfsfólki miðað við upphaflegar áætlanir. Starfsmenn 2, 3 og 4 voru ráðnir með samkomulagi við þær stofnanir. Það samstarf hefur að flestu leyti tekist vel.

Áætlaður heildarkostnaður vegna verkefnisins á árinu 2012 er kr. 9.900.000,- Af því munu kr. 6.600.000,- fara í greiðslu launa, en kr. 3.300.000,- í húsnæði, tölvutengingar og netvistunarkerfi. Þó má fullyrða að kostnaður vegna verkefnisins sé í raun mun hærri. Eins og áður sagði vinna fastir starfsmenn safnsins að verkefnið í sínum daglega vinnutíma, auk þess sem margvíslegur kostnaður varð af opnun Ljósmyndavefs Skagafjarðar.

Gert er ráð fyrir að þessum hluta verkefnisins verði lokið í lok desember 2012 og renna þá ráðningarsamningar út.

Skönnun og skráning ljósmynda - samantekt

Við gerð verkáætlunar fyrir árið 2011, sem gerð var haustið 2010, var gert ráð fyrir því að skanna 60.000 myndir og skrá 40.000 myndir. 82.570 myndir voru

Stjórnmalafundur
á þriðja áratug 20.
Aldar [óvist hvar].
Jónas Jónsson frá
Hriflu heldur ræðu.
Ljósmyndari: Edvard
Hemmert, EH 58.



skannaðar og 41.056 myndir skráðar á árinu 2011. Í samræmi við reglur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins gerðu skjalasöfnin með sér samstarfssamning í upphafi árs 2012, og settu sér markmið um skönnun og skráningu mynda:

1. Skanna 60.000 myndir, þ.e. 20.000 myndir á hverju safni. Þá er heildarföldi skannaðra mynda um 140.000, þ.e. rúmlega 20.000 fleiri er gert var ráð fyrir skv. verkáætlunum fyrir árin 2011 og 2012. En á árinu 2011 voru 82.570 ljósmyndir skannaðar. Ástand filma og pappírskópía ræður miklu um fjölda skannaðra mynda.

2. Skrá 40.000 myndir, þ.e. um 13.000 myndir á hverju safni. Þá er heildarföldi skráðra mynda um 80.000. Ástand mynda, aldur og heimildavinna hverskonar ræður mestu um gæði skráningar.

Þegar lögð er saman vinna þeirra tæpu tveggja ára sem liðin eru síðan verkefnið hófst, og bætt við því sem gera má ráð fyrir að bætist við á þeim tíma sem eftir er af þessu ári, þá má sjá að þessi markmið hafa náðst og gott betur. Verkkunnátta og reynsla starfsmanna sem koma að verkefninu hefur áhrif á gæði vinnunar og afköst.

Staða skönnunar á héraðsskjalasöfnunum 10. september 2012.

Stærstu ljósmyndasöfn í Héraðsskjalasafni Austfirðinga:

Myndasafn	Skráarheiti	Skannað	Skráð
Anna Ingólfssdóttir/Mbl.	Mbl + númer	4.106	4.106
Vikublaðið Austri	Austri + númer	21.813	19.597
Guðmundur R. Jóhannesson	GJ + númer	1.228	1.228
Ýmsar myndir	Mynd + númer	4.102	4.102
Sigurður Aðalsteinsson	SigA + númer	7.259	7.259
Samtals		38.507	36.292



Stjórn og framkvæmdastjóri Kaupfélags Héraðsbúa í vinnustaðaheimsókn á Borgarfirði eystri árið 1984. Úr safni Austra.

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Myndasafn	Skráarheiti	Skannað	Skráð
Tómas Jónsson	TJ + númer	9.655	7.077
Sigurður Jónsson	SJ + númer	9.729	8.377
Jóhann Þór Sigurbergsson	JPS + númer	3.440	3.241
Gunnar Gränz	GG + númer	2.063	1.310
Herbert Gränz	HG + númer	1.241	417
Ýmis smærri myndasöfn		8.155	7.259
Samtals		34.283	25.799

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Myndasafn	Skráarheiti	Skannað	Skráð
Bruno Schweizer	BS + númer	1.911	1.165
Páll Jónsson	PS + númer	9.200	4.569
Byggðasaga Skagafjarðar	BSS + númer	3.761	1.100
Fréttablaðið Feykir	FF + númer	4.500	1.800
Almennar myndir	HSk. Stærð – númer	16.054	7.670
Björn Jónsson	BJ + númer	3.850	100
Sveitarfélagið Skagafjörður	SS + ártal + númer	1.505	1.505
Kristján C. Magnússon	KCM + númer	750	550
Jón Normann Jónsson	JNJ + númer	454	0
Ýmis smærri söfn		1.278	1.278
Samtals		43.263	19.737

Um 40 ára gamlar myndir, litskyggnur, af Skálholtskirkju sem Herbert Gränz málarameistari tók. Skemmdirnar, þ.e. röskun á litajafnvægi, er lýsandí fyrir þá óhjákvæmilegu eyðileggingu sem á sér stað.



Skönnun ljósmynda – gæði skönnunar og litgreining

Í upphafi verkefnisins var ákveðið að samræma verkferla á skjalasöfnunum þremur. Myndir eru skannaðar inn í 300 punkta upplausn í stærðinni 210 x 297 mm (*A4). Skráarformið er Tiff og eru allar myndir varðveittar á því formi. Tiff er kerfisóháð skráarfom og þjappar ekki myndum eins og JPEG eða JPEG-2000 gera. Skjalasöfnin fjárfestu í borðskönnum (e. flatbed scan) með baklýsingu. Í þessum skönnum er hægt að skanna allar stærðir af filmum, (s.s. 35 mm, 6x6 cm, 6x9 cm) og litskyggnur auk pappírskópía. Nokkrar mismunandi tegundir skanna eru notaðar við verkið en tryggt er að gæði þeirra og skönnunarinnar standast staðla. Helstu skannar sem eru notaðir eru Epson perfection V-700 photo og Epson perfection 4990 photo borðskannar (flatbed skannar), þá er líka notaður Nikon Super coolscan 5000 ed filmuskanni.

Endingartími ljósmynda ræðst af þrennu: Varðveisluaðstæðum, meðhöndlun og sjálfu efninu, þ.e. stöðugleika þess. Ljósmyndaefnin skiptast í grunnefni, ljósnæmefni, lífræn litarefni og bindiefni. Grunnefnið, í stærstum hluta þeirra ljósmynda safna sem afhent hafa verið á skjalasöfnin, er úr plasti (sellulósanitrati og sellulósasetati). Þá eru það pappírskopíur og öll söfnin eiga einnig eitthvað af glerplötum. Lífræn litarefni hafa tilheingingu til að upplitast, jafnvel í myrkri. Listir endast misvel og litajafnvægi raskast. Myndir verða oft rauðleitar/bláleitar og geymslutími filma um 40 ár. Skönnun og litgreining er nú að bjarga myndum sem annars eyðileggjast á næstu árum. Í skjalasöfnunum er leitast við að hægja á þessu ferli með ýmsum ráðum. Filmur eru varðveittar í sýrulausum umbúðum í öskjum og við jafnt hita- og rakastig.

Við skönnun eru filmurnar litgreindar og þá eru ryk og önnur óhreinindi á filmunum fjarlægð. Eiginleg myndvinnsla er höfð í lágmarki við skönnun á filmum, þ.e. vinna í Photoshop.

Skráning ljósmynda – rannsóknar- og heimildavinna, og samtal við íbúa

Verkferlar við skráningu á ljósmyndum voru í upphafi samræmdir með ýmsum hætti. Haldnir voru samráðsfundir þar sem farið var yfir hvaða upplýsingar ættu að koma fram við skráningu og var skráningarviðmót samræmt eins og kostur var. Þær upplýsingar sem koma fram við skráningu eru m.a.: safnmark, heiti ljósmyndara, myndatexti með upplýsingum um myndefni, fæðingar- og dánarár (og ítarupplýsingar þegar við á), tímasetning myndar, heimildarmaður, heimild, skrásetjari o.s.frv. Þá eru settar inn upplýsingar um stað, sveitarfélag og sýslu, tegund myndar auk leitarorða. Staðlaður atriðisorðalisti sem skipt er í yfir- og undirflokkar er líka notaður. Horft er sérstaklega til leitarbærni í ljósmyndasöfnunum enda mikilvægt að leit sé bæði skilvirk og fljótleg.

Skráningu má skipta í samtal við íbúa annarsvegar og rannsóknar- og heimildavinnu hinsvegar. Samtal við íbúa og nálægð skjalasafnanna við þá sem þekkja til skiptir sköpum við skráningu ljósmyndanna. Segja má að nálægð safnanna við íbúana hafi gegnt lykilhlutverki og verkefnið hefur einnig aukið tengsl íbúana við söfnin – fjölgað heimsókn-

um og sýnt íbúum og þar með kostnaðaraðilum safnanna fram á mikilvægi sitt. Sú staðreynd að verkefnið er unnið á staðnum, þ.e. skjalasöfnin taka hvert um sig við ljósmyndum af starfssvæðum sínum og fá síðan liðsinni ljósmyndaranna sjálfra, ættingja þeirra auk áhugasamra íbúa einfaldar ekki aðeins alla skráningu, í mörgum



Mjólkurfræðingar MS Selfossi áður Mjólkurbúi Flóamanna ásamt Halli Karli Hinriksyni við skráningu á ljósmyndum mjólkurbúsins.

tilfellum má fullyrða að skráning sé aðeins möguleg með þessum hætti. Öll vinna þessara einstaklinga er unnin í sjálfbodastarfi og ber að þakka öllum þeim sem hafa lagt okkur lið fyrir ómetanlegt starf. Á þessum tæpu tveimur árum sem verkefnið hefur staðið hefur á hverju safni myndast fastur kjarni vildarvina verkefnisins sem koma að skráningu. Sumir þessara einstaklinga eru

Hrafnkell Lárusson
forstöðumaður
Héraðsskjalasafns
Austfirðinga, kynnrir
starfsemi safnsins
fyrir gestum á
myndasýningu
í Kaupvang á
Vopnafirði í október
2011. Yfir 50 manns
mættu á sýningu og
fengust upplýsingar
um margar myndir
sem þar voru sýndar.



daglegir gestir á skjalasöfnunum á meðan að aðrir koma sjaldnar. Þá eru enn aðrir kallaðir til reglulega til að fara yfir ljósmyndir.

Skjalasöfnin hafa leitað til íbúa innan héraðana með ýmsum hætti, m.a. með sýningum á ljósmyndum þar sem gestir eru beðnir um að aðstoð við að nafngreina fólk, greina frá viðburðum o.s.frv. Þá birtu skjalasöfnin ljósmyndir á heimasíðum sínum, á Facebook o.s.frv. Sú nálgun hefur reynst sérstaklega vel við að fá upplýsingar frá fólki sem er fætt eftir 1970.

Rannsóknar- og heimildavinna er í höndum starfsmanna skjalasafnanna. Uppsláttarrit ýmiskonar, héraðsrit, tímarit og dagblöð eru notuð til að staðfesta þær upplýsingar sem koma fram hjá heimildamönnum. Þekking starfsmanna og heimamanna, nýtist hér aftur og einfaldar og gerir skráningu ljósmyndanna ódýrari en ella. Þá hafa starfsmenn leitað til kollega sinna hjá öðrum skjalasöfnum eftir upplýsingum.

Starfsfólk safna, bæði hérlendis sem erlendis, hefur reynst hjálplegt þegar kemur að því að þekkja myndefni. Reynslan er sú að ljósmyndasöfn þekkja ekki landamæri héraða eða landa. Sem dæmi má nefna að í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga eru varðveitt mjög stór ljósmyndasöfn frá öllu landinu og raunar afar merkilegt safn ljósmynda sem tekið var nyrst í Kanada, við Hudson flóa laust fyrir 1930. Í því tilfalli hefur kanadíska ríkisskjalasafnið og Parks Canada reynst vel. Slík myndasöfn hafi lítið gildi fyrir Íslendinga hafa þau mikið gildi fyrir Kanadabúa. Í ljósmyndasafni Tómasar Jónssonar, fyrrv. lögregluþjóns í Árnessýslu, eru um 1.000 ljósmyndir frá Þórshöfn á Langanesi. Stór hluti þeirra mynda var sýndur á Þórshöfn í sumar og gamlir Þórshafnarbúar hafa því lagt Héraðsskjalasafni Árneseinga lið. Þannig er verkefnið ekki héraðabundið, heldur hefur skýrskotun langt umfram það sem ætla mætti í fljótu bragði.



Gestir við opnun á Ljósmyndavef Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Við skráningu ljósmyndanna hefur komið í ljós hversu mikilvægt það er að þessi vinna sé unnin nú. Stór hluti myndasafna sem geymd eru í söfnunum eru frá tímabilinu frá 1930 – 1960 og fer því fólki ört fækkandi sem getur þekkt myndefni frá þeim tíma. Því höfum við hvatt söfn og eigendur ljósmynda almennt til að leita allra leiða til að ná fram upplýsingum um myndefni, því hér er um að ræða kapphlaup við tímann.

Miðlun

Ekki nóg að skanna og skrá þau ljósmyndasöfn sem afhent eru á skjalasöfnin. Miklu skiptir að þau séu gerð aðgengileg almenningi, ekki bara í héraði, heldur á landsvísu. Skjalasöfnin hafa á árinu unnið að miðlun ljósmyndanna með ýmiskonar sýningarhaldi.

Þannig hafa reglulegar myndasýningar verið á heimasíðu Héraðsskjalasafns Austfirðinga (www.heraust.is). Í því sambandi má nefna sérstaklega sýninguna *Aldaspegil*. Í henni gaf m.a. að líta ljósmyndir úr safni *Vikublaðsins Austra* og úr söfnum blaðamannanna Sigurðar Aðalsteinssonar og Önnu Ingólfssdóttur, auk myndasafns Guðmundar R. Jóhannessonar. Myndir úr ljósmyndaverkefnum hafa einnig ratað inn í aðrar sýningar á vefnum bæði á þessu ári og árið 2011.

Starfsfólk Héraðsskjalasafns Austfirðinga lagði land undir fót haustið 2011 og heimsótti fjóra þéttbýlisstaði á Austurlandi, þ.e. Fáskrúðsfjörð, Seyðisfjörð, Djúpavog og Vopnafjörð. Tilefnið var að sýningaröðin Austfirsk menning í ljósmyndum sem Menningarráð Austurlands styrkti. Efni hverrar sýningar var þríþætt, en auk ljósmyndanna (sem voru í aðalhlutverki) var starfsemi Héraðsskjalasafnsins kynnt og sýnd voru myndskreið úr safni Austfirska sjónvarpsfélagsins, sem varðveitt er í Héraðsskjalasafninu. Þó uppbygging sýninganna væri sú sama á öllum stöðum var

hver og ein sýning sérsniðin að hverjum sýningastað og var efnið að mestu eða öllu leyti ættað frá viðkomandi stað.

Sýningarnar voru vel sóttar og viðtökur gesta afar góðar. Það var einkar ánægjulegt fyrir starfsfólk safnsins að fá svo jákvæð viðbrögð. Heimamenn á hverjum stað gerðu einnig sitt til að gera sýningarnar að veruleika en sveitarfélögin voru safninu innan handar varðandi húsnæði og tækjabúnað fyrir sýningarnar. Á öllum stöðunum söfnuðust upplýsingar varðandi einstakar myndir í sýningunum, en af slíkum upplýsingum er mikill fengur til að bæta skráningu mynda. Í ár styrkti Menningarráð Austurlands Héraðsskjalasafnið aftur til sýningarhalds og er ætlunin, í komandi októbermánuði, að endurtaka leikinn frá í fyrra og heimsækja þrjá til fjóra þéttbýlisstaði á Austurlandi með sýningar samsvarandi þeim sem farið var með í fyrra.

Aðventusýning Héraðsskjalasafns Árnesinga veur jafnan eftirtekt, en sýningin er útsýning fyrir utan Ráðhús Árborgar. Héraðsskjalasafn Árnesinga opnaði einnig sýningu á ljósmyndum úr Ölfusi og Hveragerði í Listasafni Árnesinga 12. mars 2012. Auk ljósmynda sem sýna þær miklu breytingar sem orðið hafa í Hveragerði og Þorlákshöfn síðustu áratugi voru sýndar kvikmyndir tengdar ylrækt frá Fagrahvammi í Hveragerði. Gestum var boðið upp á sýningarspjall við starfsmenn skjalasafnsins. Á *Vori í Árborg* var gestum boðið að nafngreina fólk á ljósmyndum og á þá tekur skjalasafnið þátt í Safnahelginni á Suðurlandi þar sem ljósmyndir verða til sýnis.

Í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg hönnuðu starfsmenn Héraðsskjalasafns Árnesinga myndaskilti sem sett voru upp á nokkrum stöðum á Selfossi fyrir Unglingalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina, m.a. á íþróttasvæðinu. Þetta framtak mæltist vel fyrir og fleiri skiltum verður bætt við. Á skiltunum er myndir sem flestar hafa verið afhentar til safnsins í tengslum við verkefnið.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga reid á vaðið með opnun ljósmyndavefs á vordögum 2012 og er nú unnið að því að bæta við myndum á vefinn. Um er að ræða gerbyltingu þegar kemur að aðgengi almennings að ljósmyndum safnanna. Mikil ánægja er meðal heimamanna með ljósmyndavefinn og þá er ljóst að hann nýtist ekki síður þeim sem eiga langt að sækja. Brottflyttir Skagfirðingar geta nú aðstoðað við skráningu á ljósmyndum. Vefurinn er enn í þróun m.t.t. þess að bæta aðgengi enn frekar, einfalda leit í einstökum myndasöfn og/eða þvert á fleiri söfn. Héraðsskjalasafn Árnesinga mun opna ljósmyndavef sinn 1. desember n.k. og Héraðsskjalasafn Austfirðinga stefnir á að opna sinn ljósmyndavef árið 2013.

Í tilefni af opun á Ljósmyndavef Skagafjarðar var haldin ljósmyndasýning, en jafnframt voru flutt erindi um ljósmyndir í fortíð og nútíð og mikilvægi þeirra. Þá hefur Héraðsskjalasafn Skagfirðinga staðið fyrir fastri ljósmyndasýningu í veitingahúsi á Sauðárkróki og til skamms tíma í Varmahlíð, í samstarfi við Sögusetur íslenska hestsins.

Rætt hefur verið um möguleika á því að reka sameiginlegan ljósmyndavef, en rekstarfyrirkomulag skjalasafnanna er nú með þeim hætti að það er ekki hægt. Í dag standa átján sveitarfélög standa að rekstri þessara þriggja safna (átta standa



Við vísu á myndaskiltum á Selfossi. Kjartan Björnsson formaður menningarnefndar, Eyþór Arnalds og Þorsteinn Tryggvi Músson forstjórnari Héraðsskjalasafns Árnesinga.

að Héraðsskjalasafni Austfirðinga, átta að Héraðsskjalasafni Árnesinga og tvö að Héraðsskjalasafni Skagfirðinga). Skjalasöfnin hafa hvert á sínu svæði samið við stærstu sveitarfélögin um aðkomu þeirra að verkefninu. Frá byrjun verkefnisins hafa skjalasöfnin reynt að tryggja að allir þeir sem koma að verkefninu séu upplýstir um stöðu verkefnisins á söfnunum þremur og vísað bæði fræðimönnum og almenningi á hin söfnin við leit af ljósmyndum.

Á fræðslufundi sem Ljósmyndasafn Íslands á Þjóðminjasafni og Ljósmyndasafn Reykjavíkur héldu kynnti Unnar Ingvarsson, verkefnið. Í kjölfarið var rætt um bæði skráningu, birtingu upplýsinga með ljósmyndum og höfundarétt. Ljóst er að margt brennur á safnafólki þegar horft er til ljósmyndasafna hvort sem það er á minja- eða skjalasöfnum.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um ýmis atriði varðandi verkefni þriggja héraðsskjalasafna við skönnun, skráningu og birtingu á ljósmyndum. Að okkar mati hefur verkefnið sannað gildi sitt á margvíslegan hátt og mikilvægt að því verði fram haldið. Verkefnið hefur leitt af sér mikla þekkingu sem forsvarsmenn þess hafa reynt að miðla til annara safna. Teljum við mjög mikilvægt að vinna ítarlegar skýrslur um verkefnið, ekki síst til að geta miðlað þeim upplýsingum til annara, sem hyggja á sambærileg vinnu.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga þakka þann fjárhagslega stuðning sem verkefnið hefur fengið. Án stuðning ríkisins og sveitarfélaga hefði verkefnið ekki verið unnið. Þá viljum við sem að verkefninu stöndum þakka þeim fjölmörgu sem hafa lagt okkur lið við að þekkja myndefni og hvatt okkur til dáða að halda starfinu áfram.

Lerkitré mælt í
Atlavíkurlundi í okt.
1997. Sunnlendingar
töldu að hæsta
tré á Íslandi væri
ösp í Múlakoti en
skógræktarmenn á
Hallormsstað sættu
sig ekki við það
höfu þegar leit að
hærra tré.
Mælt var samtímis
fyrir sunnan og
austan að viðstöð-
dum sýslumönnum
og fjölmíðlafólki.
Lerkið reyndist 42
cm hærra og brutust
út fagnaðarlæti í
Atlavíkurlundinum.
Úr myndasafni
Austra.



Börn að leik á
Sauðárkróki á 6.
áratug 20. aldar.
Ljósmyndari Kristján
C. Magnússon
Sauðárkróki: KCM
73.

